

## Reifun úrskurðar nr. 7/2014 – Álagning olúgjalds og úrvinnslugjalds

Málið snéri að því hvort kæranda, N, bæri að greiða olúgjald og úrvinnslugjald af tilteknum olíusendingum. Við meðferð málsins kom í ljós að kærandi hafði flokkað olíuna í rangan tollflokk. Réttur tollflokkur bar ekki olúgjald. Voru gjöld því endurreiknum miðað við það og ofgreidd gjöld endurgreidd. Var af þeim sökum ekki tekin afstaða til þess hluta kærunnar er snéri að olúgjaldi. Hvað varðar úrvinnslugjaldið hafði kærandi byggt á því að samkvæmt fjárfestingarsamningi fyrirtækisins við íslenska ríkið væri fyrirtækið undanþegið íslenskum vörugjöldum og innflutningsgjöldum. Byggði kærandi á því að innheimta úrvinnslugjalds færi að ýmsu leiti eftir lögum um vörugjald auk þess sem að úrvinnslugjald væri lagt á við innflutning og hlyti því að vera innflutningsgjald.

Niðurstöður: Tollstjóri hafnaði kröfu kæranda með þeim rökum að þrátt fyrir að innheimta gjaldsins færi að einhverju leiti eftir lögum um vörugjald væri ekki þar með sagt að gjaldið sem slíkt væri vörugjald. Þá væri úrvinnslugjald ekki heldur innflutningsgjald, heldur væri einungis lagt á við innflutning. Fleiri dæmi um slík gjöld væri t.d. rafmagnseftirlitsgjald og fóðureftirlitsgjald. Þá hefði ákvæði það sem kærandi byggði á í fjárfestingasamningnum ekki að geyma fyrirvara um sambærileg gjöld sem síðar kynnu að vera lögð á, þrátt fyrir að slíkan fyrirvara væri að finna í öðru ákvæði. Af þeim sökum, auk þess að gjaldið væri ekki sambærilegt vörugjaldi eða tollum, var kröfu kæranda hafnað.